Styttur úr rekaviði á Kjarvalsstöðum:

Byrjaði að skapa myndir í frístundum

– segir Sæmundur Valdimarsson myndhöggvari

Sæmundur Valdimarsson myndhöggvari opnaði sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum síðastliðinn laugardag. Sæmundur hefur sérstöðu meðal íslenskra myndhöggvara því hann gerir alla sína skúlptúra úr rekaviði.

Eins og með flesta alþýðulistamenn er það fyrst og fremst einlægnin sem gerir höggmyndir Sæmundar eins eftirtektarverðar og þær eru í raun. Stytturnar á sýningu Sæmundar eru allt mannamyndir þar sem nafn styttunnar gefur ávallt til að kynna hver hugmyndin að baki verkinu er og leynir sér ekki mikið innsæi listmannsins í mannlegar tilfinningar.

Sæmundur Valdimarsson fæddist 1918 að Krossi á Barðaströnd og var þar búsettur til fullorðinsára. Hann fluttist til Reykjavíkur 1948 og vann vaktavinnu í þrjátíu og fimm ár í Áburðarverksmiðjunni í Gufunesi.

Sæmundur fór ekki að fikta við myndlist fyrr en um 1970 og voru hans fyrstu verk sýnd í Gallerí SÚM 1974, á sýningu á alþýðulist sem þar var haldin. Upp úr því fór hann að vinna við stærri skúlptúra úr rekaviði. Fyrstu einkasýningu sína hélt Sæmundur 1983 og eru þær nú orðnar átta talsins, þar af ein í Osló 1989. Auk þess hefur hann tekið þátt í nokkrum samsýningum. Verk Sæmundar hafa vakið athygli bæði innlendra og erlendra listunnenda og um þau hefur verið skrifað í blöðum og tímaritum. DV fékk Sæmund í stutt spjall í tilefni sýningar hans.

„Ég fæst eingöngu við rekavið nú. Á fyrstu sýningunni, sem ég tók þátt í, gerði ég verk úr mislitum steinum sem ég tíndi í fjöllum. Þá safnaði ég einnig rekavið, braut hann niður og límdi hann aftur upp í grímur. Stytturnar koma eiginlega ekki fyrr en eftir 1980. Þá var ég búinn að finna formið sem mér hæfir.

Myndlistina hef ég ávallt stundað með annarri vinnu að undanskildum síðustu tveimur árum. Rekaviðinn hef ég fundið mest í kringum Reykjanesið en einnig fengið rekavið norðan af Ströndum. Rekaviðurinn kemur nánast upp á fjöru eingöngu að vetri til þegar gengur á með stórviðrum."

Sá eini sem gerir höggmyndir úr rekavið

Sæmundur gerir eingöngu mannamyndir í rekaviðinn og getur hugmyndin að myndinni verið lengi að þróast með honum. „Ég tek mikinn tíma í að hugsa upp myndina og það er ekki gott að segja á hvaða stigi myndarinnar það er þegar ég er orðinn fullviss um hvernig myndin muni líta út í lokin."



Sæmundur Valdimarsson myndhöggvari stendur hér við eitt verka sinna sem er á sýningu hans á Kjarvalsstöðum. Nefnir hann verk þetta Móðurgleði.

Sæmundur er eini myndhöggvarinn sem fæst við rekavið: „Spekingar hafa sagt við mig að myndlist í rekavið hafi þekkst fyrir um það bil 2500 árum, ekki veit ég neitt um það, en ég veit ekki um neinn annan sem fæst við þetta afbrigði af höggmyndalist."

Sýning Sæmundar nú er þriðja einkasýning hans að Kjarvalsstöðum en hans áttunda einkasýning í heild. Í fyrra voru verk hans í fyrra á sýningu í Osló og vöktu mikla athygli. Og það er þess vegna sem til landsins er komin kona frá norsku listasafni sem mun skoða verkin með það fyrir augum að sýna þau á sýningu sem yrði haldin 1992 í Noregi.

Er myndlist Sæmundar alþýðulist: „Já, það verð ég að segja, segir Sæmundur. „Ég var með á sýningu í Hafnarborg í vor með öðrum alþýðulistamönnum svo ég verð að telja mig alþýðulistamann. Ég var svolítið feiminn við nafnið „naivisti" fyrst en í dag líkar mér ágætlega við það."

Verkin á sýningu Sæmundar eru öll frá síðustu tveimur árum og voru nokkur þeirra á sýningu hans í Noregi. Þótt rekaviðurinn sé uppistaðan í skúlptúrum hans notar hann einnig þara, ýsuroð og trjálauf svo eitthvað sé nefnt til að fullgera stytturnar.

Byrjaði í frístundum frá vinnunni

Hvað kom til að vaktavinnumaður í Áburðarverksmiðjunni fór að eiga við myndlist? „Mig vantaði eitthvað til að gera í frístundum og byrjaði fyrst að mála á steinflögur og smám saman þróðaðist þetta út í rekaviðinn og þá fannst mér ég hafa fundið það sem ég leitaði að. Rekaviðurinn er vandmeðfarinn. Hann er mikið mergsoginn og svo þegar hann er þurrkaður þá springur hann allur og það má sjá á verkunum."

Hvað er það sem rekur Sæmund áfram í myndsköpun sinni? „Ég hef margoft hætt og fundist þetta vera ekki til neins en ávallt byrjað aftur. Að vísu eftir að ég hætti að vinna hef ég unnið stöðugt að styttunum og mun gera það áfram á virkum dögum sem og helgum."

Óhætt er að hvetja fólk til að sjá hina sérstöku skúlptúra sem Sæmundur gerir í rekaviðinn. Það er erfitt annað en að hrífast að þeirri einlægni sem skín úr verkunum.

-HK

Alþýðuleikhúsið:

Grísk tragedía og barnaleikrit fyrstu verkefnin

Starfsemi Alþýðuleikhússins er að hefjast þessa dagana. Í fyrstu verða tvö verkefni á dagskrá, Gríski harmleikurinn Medea eftir Evrípídes og Keli þó eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur.


Æfingar eru þegar hafnar á Medeu og er Inga Bjarnason leikstjóri en þýðingin er eftir Helga Hálfdanarson. Leikritið fjallar um Medeu, svartahafsprinsessu, morðkvendi, fegurðardrottningu og galdranorn. Tónlistina gerði Leifur Þórarinsson og Hlíf Svavarsdóttir hefur umsjón með dönsum. Medea verður sýnt í gamla Iðnó sem ætlar að verða lífseigt sem leikhús. Nú er leikfélagið flutt þaðan en aðrir leikhópar fá þar að öllum líkindum inni í vetur.

Hlutverk Medeu leikur Jórunn Sigurðardóttir en Jason, eiginmann hennar, leikur Harald G. Haralds. Alls eru leikarar og dansarar þrettán í sýningunni. Medea hefur ekki verið leikið á svið áður hér á landi. Leikritið verður frumsýnt 26. október. Þess má geta að út kemur í haust hjá Máli og menningu bók með þýðingum Helga á öllumn leikritum Æsílosar, Sófóklesar og Evrípídesar.

Keli þó er barnaleikrit eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur, ætlað börnum, 6–9 ára. Leikritið er með umferðarfræðslu og er til sýningar í skólum. Fjallar það um Kela, sem er hress átta ára strákur, nýfluttur í bæinn að vestan en er þó hvergi banginn í umferðinni í Reykjavík. Hans stærsti draumur er að verða lögga. Hann kemst að því að hann á ýmislegt ólært áður en sá draumur rætist.

Auk Kela koma við sögu Vala, sem er sex ára og hefur villst, mamma Kela, lögregluþjónn, gamall maður, fullorðin kona, strákur í boltaleik og stressaður maður sem greinilega er litblindur. Þrír leikendur fara með öll hlutverkin. Þau eru Steinunn Ólína Þorsteindóttir, Kormákur Baltasar og Gunnar Rafn Guðmundsson. Tónlist er eftir Ólaf Hauk Símonarson. Gerla gerir leikmynd og búninga og leikstjóri er Sigrún Valbergsdóttir. Frumsýning verður 10 október.

-HK



Inga Bjarnason leikstýrir Medeu.